

Greining fræðsluþarfa í símenntun haustið 2015

Kennari Hróbjartur Árnason.

Nemandi: Eygló Ingadóttir.

Greinargerð um tímaritsgrein.

Upplýsingar um greinina.

Nafn greinar: Professional competence of practising nurses.

Höfundar: Olivia Numminen, Riitta Meretoja, Hannu Isoaho og Helena Leino-Kilpi.

Tímarit: Journal of Clinical Nursing.

- Impact Factor: 1.255 (segir til um hversu mikið vitnað er í tímaritið)
- ISI Journal Citation Reports © Ranking: 2014: 31/109 (Nursing (Social Science)); 35/111 (Nursing (Science))

Slóð í greinina: <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1365-2702.2012.04334.x/epdf>

Vísað er í 41 heimild í rannsókninni.

Samkvæmt Google Scholar hefur verið vitnað 19 sinnum í rannsóknina.

Höfundarnir og birtingar þeirra.

Olivia Numminen er hjúkrunarfræðingur með doktorsgráðu og er titluð sem klínískur rannsakandi við Hospital District of Helsinki and Uusimaa.

Hún varði doktorsritgerð sína árið 2010 og hefur síðan verið virkur rannsakandi í Finnlandi. Nú þegar hefur hún birt þrjár ritrýndar rannsóknir í alþjóðlegum tímaritum á þessu ári þar sem hún er fyrsti höfundur, árið 2014 birti hún tvær ritrýndar rannsóknir og svo eina árið 2013. Rannsóknir Olaviu Numminen eru um hæfni hjúkrunarfræðinga og siðfræði og siðareglur.

Riitta Meretoja er hjúkrunarfræðingur með doktorspróf og er titluð sem Adjunct Professor við Hospital District of Helsinki und Uusima og við háskólann í Turku.

Hún hefur birt fjöldan allan af greinum um hæfni og færni og er höfundur mælitækisins sem notað er í þessari grein.

Hannu Isoaho er tölfræðingur með meistaragráðu sem hefur verið talsvert virkur í rannsóknum, m.a. með hjúkrunarfræðingum.

Helena Leino-Kilpi er hjúkrunarfræðingur með doktorsgráðu og yfirmaður hjúkrunarvísindadeildar við Háskólan í Turku. Hún hefur birt gríðarlega mikið af rannsóknum, bæði sem fyrsti höfundur og svo sem meðhöfundur.

Rannsóknarsvið hennar hefur m.a. verið hæfni hjúkrunarfæðinga, líðan sjúklinga eftir aðgerðir og upplifun hjúkrunarnema á klínískri kennslu.

Endursögn á rannsókninni

Inngangur

Fagleg hæfni hjúkrunarfræðinga tengist þekkingu þeirra, viðhorfum og gildum. Meira er rætt um hæfni í heilbrigðiskerfinu nú en áður. Ástæður þess eru t.d. þær að hjúkrunarfræðingar flytja meira milli landa nú en áður.

Álag á hjúkrunarfræðinga hefur aukist og eru ástæður þess m.a. hærri meðalaldur í samfélaginu og erfitt efnahagsástand með ríkri sparnaðarkröfu í heilbrigðiskerfinu. Hjúkrunarfræðingar starfa nú oft undir miklu líkamlegu og andlegu álagi og bera lítið úr bótum, en þetta hefur leitt til þess að margir hafa yfirgefið stéttina. Hjúkrunarfræðingar eru stærsta stétt heilbrigðisstarfsmanna og hafa mikil áhrif á lýðheilsu. Það er mikilvægt að hjúkrun uppfylli þær kröfur sem gæða-heilbrigðisþjónusta þarf að geta veitt. Eitt af tækifærum í heilbrigðiskerfinu er að hjúkrunarfræðingar fái að starfa þannig að þeir nýti hæfni sína til fullnustu. Til að ná því markmiði þarf að gera kerfisbundna skoðun á hæfni hjúkrunarfræðinga. Í þessari rannsókn var hæfni finnskra hjúkrunarfræðinga skoðuð og borin saman innan fjögurra sviða.

Bakgrunnur.

Ýmsar alþjóðlegar stofnanir hafa fjallað um hæfni hjúkrunarfræðinga, þar á meðal Alþjóðlega heilbrigðismálastofnunin, Alþjóðasamband hjúkrunarfræðinga og Evrópusambandið. Nokkur mælitæki hafa verið þróuð til að meta hæfni en það hefur þó reynst þrautin þyngrri að finna hæfnisviðmið sem virka.

Hjúkrunarhæfnisskalinn (Nurse Competence Scale, NCS) var notaður í nokkrum finnskum og alþjóðlegum rannsóknum, bæði á mjög reyndum hjúkrunarfræðingum og svo byrjendum í faginu. Skalinn virkar misjafnlega vel milli sviða, en áhugavert er að rannsókn sýndi að hjúkrunarfræðingar álitu sig sjálfa ekki eins hæfa og þverfaglegur hópur sérfræðinga.

Markmið rannsóknarinnar

Tilgangur rannsóknarinnar var að bera saman hæfni hjúkrunarfræðinga á fjórum sviðum háskólasjúkrahúss (lyflækningasviði, skurðlækningasviði, barna-, kvennasviði og geðsviði). Markmiðið var að öðlast þekkingu á því hvernig hægt sé að nýta hæfni hjúkrunarfræðinga sem best, fyrir framtíðarskipulag hjúkrunar. Í hjúkrunarhæfniskalanum er hæfni skilgreind sem hæfileiki hjúkrunarfræðings til að samþætta þekkingu/kunnáttu, viðhorf og gildi við tiltekin hjúkrunarviðfangsefni.

Rannsóknarspurningarnar voru eftirfarandi:

1. Hver er hæfni starfandi hjúkrunarfræðinga eins og þeir sjálfir skynja hana?
2. Hver er munurinn á hæfni eftir því á hvaða sviði hjúkrunarfræðingar starfa?
3. Eru tengsl milli hæfni hjúkrunarfræðinga og hve oft þeir framkvæma ákveðin hjúkrunarverk?
4. Hvaða lýðfræðilegu breytur eru tengdar við hæfni hjúkrunarfræðinga?

Aðferð

Um var að ræða lýsandi þversniðsrannsókn sem notaði samanburð milli hópa. Notaður var hjúkrunarhæfni skalann (NCS, Nurse Competence Scale).

NCS er byggður á sjö aðgerðartengdum hæfnisviðmiðum, en innan hvers viðmiðs eru 6-19 spurningar. Skalinn er byggður á hugmyndafræði Benner frá 1984, sem skilgreindi starfsframa hjúkrunarfræðinga út frá hæfni, þ.e. sem leið frá nýliða (novice) til sérfræðings (expert). Skalinn hefur reynst vera áreiðanlegur, næmur og gildur. Í honum er "Visual Analogy Scale" nýttur og eru gildin frá 0 til 100, þar sem 0-25=lélegt, >25-50=ágætt, >50-75=gott, >75-100=mjög gott.

Þátttakendur og framkvæmd rannsóknarinnar.

Þægingdaúrtak starfandi hjúkrunarfræðinga tók þátt í rannsókninni (n=2699). Spurningalistinn NCS var lagður rafrænt fyrir þátttakendur á 10 mánaða tímabili. SPSS forritið var notað til að vinna úr spurningalistunum.

Niðurstöður

2083 hjúkrunarfræðingar svöruðu spurningalistanum, eða 77%. Meirihluti voru á aldrinum 30-49 ára (60%) og 55% voru með starfsaldur sem var meiri en 10 ár.

Á öllum sjö sviðum spurningalistans voru gæði hjúkrunarverka (quality of action) góð (58,1-75,7) en það er í samræmi við fyrri rannsóknir.

Hjúkrunarfræðingar mátu sig best í því að aðstoða (helping role category) og síst í því að hafa hæfni til að tryggja gæði (meðaltal 59.7, staðalfrávik 19.38) og því að veita meðferð / inngrip (therapeutic intervention, meðaltal 60.3, staðalfrávik 18.24). Gæði hjúkrunarverka (quality of action) var með jákvæða fylgni við tíðni hjúkrunarverka, sem bendir til tengsla milli hæfni og tíðni hjúkrunarverka.

Hjúkrunarfræðingar á geðsviði voru með hærra meðaltal heldur en hjúkrunarfræðingar á öðrum sviðum. Hjúkrunarfræðingar virtust vera með mesta hæfni í einstaklingshæfðri umönnun sjúklings, í að viðhalda faglegri færni sinni og í siðferðilegum álitamálum. Aldur og reynsla hafði jákvæða fylgni við hæfni. Enginn hjúkrunarfræðingur gaf sér lág gildi í heildar stigum og bendir það til þess að grunnmenntun hjúkrunarfræðinga tryggi nauðsynlega grunnhæfni til þess að starfa á háskólasjúkrahúsi.

Hverju segjast höfundar bæta við umræðuna um viðfangsefnið.

Rannsóknin sýnir, eins og aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið með sama mælitæki, að hæfni hjúkrunarfræðinga er almennt góð. Þar sem þessi rannsókn er með stóru úrtaki var hægt að greina ný þemu sem tengjast því hvernig hæfni þróast.

Eygló Ingadóttir.